

## Verlagsreglur um gagnaöflun Fjarskiptastofu

### 1. gr.

#### *Markmið*

Verlagsreglum þessum er ætlað að auka skilvirkni í reglubundnum gagnaöflunum Fjarskiptastofu, auka enn frekar öryggi gagna og auka gagnsæi og fyrirsjáanleika fyrir aðila um framkvæmdina. Reglunum og það verklag sem af þeim leiðir er jafnframt ætlað að einfalda og auðvelda aðilum að vinna úr gagnabeiðnum, auk þess að þær eiga að stuðla að betra samræmi í framsetningu á svörum.

### 2. gr.

#### *Gildissvið*

Verlagsreglurnar gilda um reglubundna gagnaöflun sem fram fer í þágu tölfræði, markaðsgreininga, þróunar og uppbyggini fjarskiptainnviða, eftirlit með heildstæði og öryggi net- og upplýsingakerfa þeirra og rekstraraðila stafrænna grunnvirkja, og vegna álagningar gjalda. Verlagsreglurnar gilda um gagnabeiðnir Fjarskiptastofu til fjarskiptafyrirtækja og annarra eftirlitsskyldra aðila (til samans nefndir aðilar). Verlagsreglurnar útiloka ekki tilfallandi gagnaöflun Fjarskiptastofu til annarra nota. Í slíkum tilfellum skal þó horfa til verlagsreglnanna eftir því sem við á.

### 3. gr.

#### *Heimild til gagnaöflunar*

Fjarskiptastofa gætir að því að gagnabeiðnir hennar styðjist við viðhlítandi lagaheimild, að vísað sé til hennar og að tilgangur gagnaöflunar sé útskýrður.

Ekki er nauðsynlegt að vísa í lagaheimild og lýsa tilgangi gagnaöflunar þegar verið er að fylgja eftir upphaflegri gagnabeiðni, t.d. með viðbótarsurningum, óskum um útskýringar á gögnum eða beiðni um að uppfæra tölur.

### 4. gr.

#### *Tiltækileiki upplýsinga*

Áður en gagnabeiðni er send til aðila athugar Fjarskiptastofa hvort að sömu upplýsingar séu tiltækar innan stofnunarinnar eða eldri útgáfa af sömu upplýsingum. Skal þá kannað hvort nægjanlegt sé að óska eftir uppfærslu á upplýsingunum.

### 5. gr.

#### *Fyrirsjáanleiki gagnaöflunar*

Á síðasta ársfjórðungi hvers árs birtir Fjarskiptastofa aðilum yfirlit um þá venjubundnu/fyrirsjáanlegu gagnaöflun sem er fyrirhuguð á komandi ári og tímasetur þær innan árs eftir því sem kostur er. Í slíku yfirliti skulu m.a. koma fram lagatilvísanir og stutt útskýring á tilgangi upplýsingabeiðna.

6. gr.

*Skýrleiki upplýsingabeiðna*

Upplýsingabeiðnir skulu lagðar fram á skýru og hnitmiðuðu máli. Gæta skal þess að óska ekki eftir fleiri eða ítarlegri upplýsingum en þörf er á og að möguleg umbeðin sundurliðun á upplýsingunum sé ekki umfram tilefni og innan lagaheimilda.

7. gr.

*Sniðmát upplýsingabeiðna*

Fjarskiptastofa leitast við, eftir því sem kostur er, að haga framsetningu upplýsingabeiðna á þann hátt að aðilar geti fyllt út rafræn eyðublöð samkvæmt fyrirframgefnu sniðmáti.

8. gr.

*Rafræn gagnagátt*

Fjarskiptastofa rekur rafræna gagnagátt á vefsíðu stofnunarinnar. Í gáttinni er yfirlit yfir allar fyrirséðar gagnabeiðnir hvers árs. Aðilar afhenda Fjarskiptastofu umbeðnar upplýsingar með því að fylla út viðkomandi sniðmát þegar það hefur verið gert aðgengilegt á síðunni. Haldin er rafræn atburðaskrá í gáttinni um innskráningu notanda, uppflettingar og skil á upplýsingum.

9. gr.

*Tengiliðir*

Aðilar tilnefna tengiliði vegna gagnaöflunar, að lágmarki two aðila. Tengiliðir skulu hafa umboð til að veita þær upplýsingar sem stofnunin biður um. Þeir hafa skráðan notandaaðgang að rafrænni gagnagátt Fjarskiptastofu.

10. gr.

*Persónuupplýsingar, trúnaðarupplýsingar og öryggi gagna*

Upplýsingar um fjarskiptainnviði skulu vera ópersónugreinanlegar, nema að Fjarskiptastofa ákveður annað. Upplýsingar um fjarskiptainnviði og stjórnunarkerfi upplýsingaöryggis geta verið trúnaðarupplýsingar að hluta eða öllu leyti. Fjarskiptastofa ákveður trúnaðarstig upplýsinga við úrvinnslu þeirra. Rafræn gagnagátt skal hafa þann eiginleika að geta móttekið og vistað dulrituð gögn eftir því sem við á. Fjarskiptastofa gerir auk þess aðrar viðeigandi ráðstafanir til að tryggja öryggi móttokinna upplýsinga.

11. gr.

*Réttleiki upplýsinga*

Upplýsingar frá aðilum skulu vera réttar og uppfærðar og afhentar samkvæmt bestu vitund. Komi í ljós villur eða misräemi í afhentum upplýsingum skal aðili gera Fjarskiptastofu viðvart um það án tafar. Rangar eða villandi upplýsingar sem aðili afhendir Fjarskiptastofu af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi getur varðað stjórnvaldssekt.

12. gr.

*Eftirfylgni upplýsingabeiðna*

Eftir að svarfrestur er liðinn til að afhenda umbeðnar upplýsingar ítrekar Fjarskiptastofa upplýsingabeiðni sína gagnvart þeim aðilum sem hafa ekki skilað. Að jafnaði er veittur styttri svarfrestur í ítrekaðri upplýsingabeiðni. Ef ítrekaðri upplýsingabeiðni er ekki sinnt er önnur ítrekunarbeiðni send og aðila er gefinn lokafrestur til að afhenda umbeðin gögn. Berist

Fjarskiptastofu ekki umbeðnar upplýsingar fyrir lokafrest er hafið stjórnsýslumál um álagningu dagsektu á viðkomandi aðila.

13. gr.  
*Gildistaka*

Verklagsreglur þessar taka gildi 15. apríl 2024.

*Fjarskiptastofa, 4. Mars 2024*

Hrafnkell V. Gíslason  
Hrafnkell V. Gíslason

Björn Geirsson  
Björn Geirsson